



## Fundargerð

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 151. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn á fjarfundi, 18. janúar 2021, kl. 13:00.

### Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,  
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,  
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,  
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,  
Jóhann F. Þórhallsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótisdalshrepps,  
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar,  
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,  
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaganna,  
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði.

### Fjarverandi / boðuð forföll / í leyfi:

Steingrímur Karlsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar.

#### 1. Svæðisráð austursvæðis - 100 - 2101005F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

#### 2. Svæðisráð vestursvæðis - 91 - 2012004F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

#### 3. Svæðisráð vestursvæðis - 92 - 2012009F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

#### 4. Svæðisráð norðursvæðis - 78 - 2012003F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

#### 5. Svæðisráð suðursvæðis - 89 - 2011006F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð.

#### 6. Svæðisráð suðursvæðis - 90 - 2012006F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð.

*Stjórn samþykkir að veita leyfi til flugeldasýningar við Jökulsárlón fyrir árið 2021 og 2022 en leggst gegn því að veita leyfið til næstu fimm ára. Í því samhengi vekur stjórn athygli á skýrslu starfshóps dómsmálaráðherra, heilbrigðisráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra frá því í mars 2020 um hvernig draga megi úr neikvæðum áhrifum mengunar frá flugeldum. Ein af tillögum til úrbóta í þeirri skýrslu er að skipaður verði starfshópur sem fjalla eigi um fjármögnum björgunarsveita. Á meðan sú vinna er í gangi telur stjórn ekki skynsamlegt að veita leyfi sem þessi innan þjóðgarðsins til lengri tíma.*

*Stjórn tekur þó undir með svæðisráði að hvatt sé til þess að Björgunarfélag Hornafjarðar og starfsmenn Vatnajökulspjóðgarðs taki höndum saman og leiti umhverfissvænni leiða til svipaðs viðburðar við Jökulsárlóns í framtíðinni.*

## **7. Atvinnustefna - tillaga um breytingu á samningum - 2101004**

Fyrir fundinum lá tillaga frá svæðisráði suðursvæðis um að fella niður fjöldatakmörkanir tímabundið.

### **Gestir**

Steinunn Hödd Harðardóttir - 13:00

*Stjórn samþykkti tillögu þjóðgarðsvarðar og svæðisráðs suðursvæðis um að fallið verði frá hámarksfjölda sæta á hvert fyrirtæki vegna jökklaganga og íshellaferða á suðursvæði þjóðgarðsins. Þessi niðurstaða gildi fyrir fyrirtækjum sem lýkur síðar á árinu 2021 en samningar haldi að öðru leit gildi sínu. Meginástæða þessarar breytinga á samningum er að vegna Covid-19 heimsfaraldursins hefur nýting þeirra heimilda sem fyrirtækjunum var úthlutað á haustmánuðum til jökklaganga og íshellaferða verið innan við eitt prósent.*

## **8. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og Þjóðlendur - 1709003**

Fyrir fundinum lágu drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand.

### **Gestir**

Steinunn Hödd Harðardóttir - 13:00

*Stjórn staðfestir tillögu svæðisráðs suðursvæðis að viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand. Tillagan verði í framhaldinu auglýst opinberlega og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að gera athugasemdir áður en hún verður send ráðherra (skv. 12. grein laga um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60, 2007).*

## **9. Vatnajökulspjóðgarður - Fundarsköp og starfsreglur - 2101008**

Fyrir fundinum lá ósk frá formanni um umræðu um fundarsköp.

*Rætt um mikilvægi þess að leikreglur séu skýrar þegar kemur að afgreiðslu mála innan stjórnkerfi þjóðgarðsins. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram og skoða hvort ástæða sé til að uppfæra starfsreglur stjórnar og útbúa starfsreglur fyrir svæðisráð.*

## **10. Mývatnssveit-gestastofa - 1901010**

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um gestastofu þjóðgarðsins við Mývatn.

*Ríkissjóður hefur gengið frá kaupum á fasteigninni Hótel Gíg á Skútustöðum í Mývatnssveit. Með því er fengin niðurstaða um framtíðaraðstöðu fyrir meginstarfsstöð Vatnajökulspjóðgarðs á Norðausturlandi og starfsaðstöðu annarra stofnana umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í Mývatnssveit, sem eru Umhverfisstofnun, Landgræðslan og Rannsóknastöðin við Mývatn (Ramý).*

*Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs fagnar þessum mikilvæga áfanga fyrir starfsemi stofnunarinnar.*

## **11. Hálendisþjóðgarður - frumvarp - 2012009**

Fyrir fundinum lágu drög að umsögn um frumvarp um Hálendisþjóðgarð.

*Stjórn samþykkir að fela formanni stjórnar að senda umsögn, með þeim breytingum sem fjallað var um á fundinum, um frumvarp um Hálendisþjóðgarð til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.*

## **12. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006**

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundi.

**Fundargerð ritaði:** Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 15:30.